

# Minnisblað - stytting vinnuvikunnar

Að gefnu tilefni hafa FHS-félögin (*Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga*) tekið saman þetta minnisblað um styttingu vinnuvikunnar. Misskilnings virðist gæta um hvað stytting vinnuvikunnar þýðir, auk þess sem settar hafa verið fram kröfur af hálfu hins opinbera sem ekki eiga sér stoð í kjarasamningum. Þá harma félögin þær tafir sem orðið hafa á verkefninu. Stofnunum, stjórnendum og starfsfólki þeirra hefur staðið til boða að stytta vinnuviku sína frá gildistöku kjarasamninga í nóvember 2019 og janúar 2020. Því miður hafa fáar stofnanir séð sér fært að innleiða hana nú tæpu ári eftir gildistöku samninga. Í þessu minnisblaði er gerð tilraun til að útskýra nokkur lykilhugtök er varða styttingu vinnuvikunnar auk þess sem reynt er að leiðrétta framkominn misskilning um efni kjarasamninga.

## Skilgreining lykilhugtaka

Vinnuvikan er skilgreind í lögum sem 40 klukkustundir á viku. Með gildandi kjarasamningi hafa aðilar hins vegar sammælt um að frá og með 1. janúar 2021, í síðasta lagi, verði hún 38 klukkustundir og 55 mínútur. Hún styttest því um sem nemur 13 mínútum á dag.

## **Innan þess tíma má skipta hverjum vinnudegi með eftirfarandi hætti:**

- **Bundin viðvera:** Sá tími sem starfsfólki er skylt að vera á sínum vinnustað. Nú eru það 40 klukkustundir á viku.
- Starfsfólk er ekki bundið á vinnustað í hádegishléi en er gert skylt að stimpla sig inn og út úr matarhléi í hádegi.
- **Ráðstöfunarréttur yfir kaffitíma:** Á hverjum degi hefur starfsfólk ráðstöfunarrétt yfir 35 mínútum (15 mínútum að morgni og 20 mínútum eftir hádegi). Þetta telst þó hluti af bundinni viðveru. Þetta mætti því í raun kalla óvirkan vinnutíma. Í samkomulagi um styttingu vinnuviku er gert ráð fyrir að grein um 3.1 um matar og kaffitíma falli niður og vinnudagurinn styttest sem því nemur<sup>1</sup>.
- **Virkur vinnutími:** Allur sá tími sem starfsfólk er bundið á vinnustað og virkt í vinnu. Þetta eru á degi hverjum 7 klukkustundir og 25 mínútur. Stytting vinnudags um 13 mínútur á dag styttest virkan vinnutíma niður í 7 klukkustundir og 12 mínútur.
- **Matar- og kaffitímar samkvæmt kjarasamningum:** Grein 3.1 í kjarasamningum fjallar um Matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili. Skv. undirgrein 3.1.4 þeirrar greinar. skulu, á venjulegum vinnudegi, vera 2 kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma. Í undirgrein 3.1.1. sömu greinar um matartíma sem skv. kjarasamningum telst ekki til launaðs tíma. Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30 og telst hann ekki til vinnutíma. Á mjög mörgum stofnunum hafa greinar 3.1.1. og 3.1.4. verið sameinaðar á grundvelli undirgreinar 3.1.2 með samkomulagi sem gjarnan er kallað „sala kaffitíma“. Ef slíkt samkomulag er til fyrir vinnustaði í heild má jafnframt fella slíkt samkomulag úr gildi sé meirihlutavilji fyrir því.
- **Að selja kaffitímann sinn:** Á opinberum vinnumarkaði fyrirfinnst hugtak sem kallað er „sala kaffitíma“. Í fyrirkomulaginu felst að starfsfólk kys að flytja ráðstöfunarrétt sinn yfir kaffitíma sínum inn í hádegismatartíma til þess að komast hjá því að þurfa að stimpla sig út og lengja þannig vinnudaginn. Að öðrum kosti yrði 8 tíma vinnudagur lengri sem nemur hádegishléinu, til dæmis 08:00 til 17:00 fyrir þann

---

<sup>1</sup> Í fylgiskjali er fjallað nánar um niðurfellingu grein 3.1 um kaffitíma og tengsl hennar við vinnutímatilskipun Evrópusambandsins.

sem tæki sér klukkutíma í mat. Sala kaffitíma er ákveðið rangnefni og réttara væri að kalla fyrirkomulagið „tilfærslu á kaffitíma“.

- **Vinnutímatilskipun Evrópusambandsins:** Á Íslandi er í gildi vinnutímatilskipun ESB. Samkvæmt henni ber aðildarríkjum skylda til að veita þeim sem starfa lengur en í 6 tíma á dag hlé frá vinnu.

Með kjarasamningi sammælast aðilar um að heimila flutning á skilgreindum kaffihléum út fyrir vinnudaginn en tryggja um leið rétt til hlés og neyslu matar á vinnutíma. Þetta er í samræmi við vinnutímatilskipun ESB<sup>\*1</sup>. Þetta má sem dæmi sjá tilgreint sérstaklega með kaffibolla, hníf og gafli í leiðbeiningarefni ríkis um styttingu vinnuvikunnar, [sjá hér](#). 1

- **Framlegð mæld í tíma:** Algengt er að framlegð á opinberum vinnumarkaði sé aðeins mæld með viðveru. Í daglegu tali er þetta kallað stimpilkukka. Full 100% afköst þýða að hver einstaklingur leggi sig fram um að klára ákveðna vinnu á 40 klukkustundum á viku. Eigi að halda sömu framlegð (t.d. gæði þjónustu, afköst) eftir styttingu virkra vinnustunda um 13 mínútur á dag þarf einstaklingur í rauninni ekki að leggja meira á sig en sem nemur um 3% til að ljúka sama dagsverki.
- **Yfirvinna 1:** vinnuvika er skv. lögum 40 klukkustundir. Með nýjum kjarasamningum eru vinnutímar sem áður voru hluti af dagvinnutíma nú launaðir með hærra álagi en áður. Yfirvinna 1 er sett inn til að styðja við raunverulega styttingu bundinnar viðveru og tryggja að staðið sé við samkomulag um betri vinnutíma. Að öðrum kosti er greitt fyrir vinnu með hærra álagi.
- **Yfirvinna 2:** Vinna umfram vikulega 40 stunda vinnuskyldu skv. lögum nr. 88 frá 1971.

### **Hvað breytist raunverulega með styttingu vinnuvikunnar?**

Gildandi kjarasamningar ríkisins og FHS-félaga kveða á um að stytta beri vinnuvikuna sem nemur 13 mínútum á dag, samanlagt um 65 mínútur á viku. Víða er þegar í gildi stytting á vinnuviku eða önnur útfærsla vinnutíma sem telst frávik frá ákvæðum kjarasamninga. Þá hefur vinnutímatilskipun ESB verið innleidd og tryggir að lágmarki 15 mínútna hlé til neyslu matar á hverjum degi. Ef samkomulag hefur ekki náðst um breytingar á vinnutíma munu þessar breytingar gerast sjálfkrafa þann 1. janúar 2021.

Vegna vinnutímatilskipunnar ESB er „sala“ eða „flutningur“ kaffitíma inn í matartíma nú óþarfur og því þarf að taka upp aðrar leiðir til að ráðstafa þeim tíma sem ætlaður er í kaffihlé. Verði ekki samið um aðra ráðstöfun má ætla að kaffitímar falli sjálfkrafa aftur í hefðbundið horf (það er með töku kaffitíma í 15 mín fyrir hádegi og 20 mín eftir hádegi). Ef samkomulag tekst milli stjórnenda og starfsfólks um flutning kaffitíma út fyrir vinnudaginn er hægt að stytta bundna viðverðu um 48 mínútur á dag. Samanlagt eru það 4 stundir á viku eða 8 klukkustundir tíunda hvern dag, þ.e. heill vinnudagur á tveggja vikna fresti.

Í styttingu vinnuvikunnar felast margvísleg tækifæri fyrir stjórnendur og starfsfólk, bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma eru dæmi um sameiginlegan ávinning beggja aðila. Með minna uppbroti vinnudagsins mega stjórnendur stofnana búast við að fá daglega 13 mínútna styttingu til baka með minni sóun og því aukinni framlegð. Full stytting skapar stjórnendum því ákjósanleg tækifæri til að straumlínulaga vinnutímamann.

Á móti getur starfsfólk séð kosti í því að stytta vinnudaginn eða vinnuvikuna á kostnað kaffitíma. Það þarf þó ekki að vera sjálfsagt þar sem margir kunna vel við sína kaffitíma eða núverandi skipulag. Stytting vinnuvikunnar er ekki þannig að starfsfólk eigi allt að sækja og stjórnendur allt að gefa heldur er hér um að ræða breytingar sem fela í sér gagnkvæman ávinning.

Kjósi starfsfólk að bindast samkomulagi um flutning á ráðstöfunarrétti sínum út fyrir vinnudaginn er mikilvægt að taka fram að umbótasamtal er hugtak sem nýlega hefur verið kynnt til sögunar og sett fram sem skilyrði fyrir styttingu vinnuvikunnar. Rétt er að áréttta að slíkt fyrirkomulag er ekki að finna í samkomulagi eða kjarasamningi aðila.

Aðilar voru hins vegar sammála um að leggja áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk og stjórnendur taki höndum saman og tryggji að skilvirkni og gæði opinberrar þjónustu breytist ekki nema til batnaðar. 13 mínútna stytting á virkum daglegum vinnutíma gefur auk þess vart tilefni til stórfelldra áhyggna né kallar það á þörf á sérstökum umbótum.

Hvernig sem stytting vinnuvikunnar verður útfærð þá verður það að vera samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks til að tryggja gæði þjónustu og skilvirkni vinnustaða. Slík samvinna er ávallt best unnin í nærumhverfinu á meðal þekkingaraðilla á viðfangsefni hvers vinnustaðar.

## **Fylgiblað með minnisblaði – Áhrif af innleiðingu vinnutímatilskipunar Evrópusambandsins samfara niðurfellingu kaffitíma**

Í fylgiskjali 1 með kjarasamningum aðila er fjallað um **niðurfellingu greinar 3.1.** samhliða styttingu vinnuvikunnar. Þar stendur:

„Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks á viðkomandi stofnun um aðlögun vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks, með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu, er heimilt að stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku samhliða niðurfellingu greinar grein 3.1. í kjarasamningi. Niðurstöður viðræðna geta einnig verið á þá leið að óbreytt vinnufyrirkomulag henti best miðað við ofangreindar forsendur“.

### **Gr. 3.1. Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili er svohljóðandi**

- 3.1.1 Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11:30-13:30 og telst hann ekki til vinnutíma.
- 3.1.2 Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi fyrirvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar.
- 3.1.3 Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt skv. gr. 3.1.2, lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengdir skv. gr. 3.1.2, telst lengingin ekki til vinnutímans.
- 3.1.4 Á venjulegum vinnudegi skulu vera 2 kaffitímar, 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.
- 3.1.5 Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.

Þrátt fyrir niðurfellingu greinar 3.1. er ríkið bundið af ákvæðum laga og öðrum samningum sem eiga að tryggja starfsmönnum hlé frá vinnu. 53. gr. Laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 frá 28. maí 1980 kveður á um að „Starfsmaður [eigi] rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir“. Enn fremur "Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Í 4. gr. vinnutímatilskipunar ESB er kveðið á um **Hlé** „Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir, nánar skal kveðið á um það, svo sem hve langt það skal vera og við hvaða forsendur skal miða, í heildarsamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, í innlendra löggjöf“. Slíkt samkomulag hefur verið fyrir hendi á milli aðila vinnumarkaðarins frá 1997 ([sjá samkomulag hér](#)). Í 4. gr. þess samkomulags segir: “**Hlé**” „Starfsmaður

á rétt á **a.m.k. 15 mínútna hléi** ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um hlé fer samkvæmt hlutaðeigandi kjarasamningum.

Vegna vinnutímatilskipunnar ESB verður vinnuveitandi því ávallt að tryggja starfsmönnum sem vinna lengur en 6 tíma á dag hlé í **a.m.k. 15 mínútur** á dag. Athygli er vakin á því að ekki er skylda að binda þetta hlé við 15 mínútur heldur er þar um skilgreint lágmark að ræða. Af þessu leiðir jafnframt að með samkomulagi um styttingu vinnuvikunnar falla kaffitímar á grundvelli greinar 3.1 niður og við taka ákvæði þessa samkomulags. Með niðurfellingu greinar 3.1 verða vinnuveitendur með örðum leiðum að veita fólki hlé frá störfum og tækifæri nærast á vinnutíma. Ríkið tilgreinir þetta til að mynda sérstaklega sem hnífapör og kaffibolla á meðfylgjandi skýringarmyndum sínum sem teknar eru af heimasíðunni [betrivinnutími.is](http://betrivinnutími.is) og haldið er úti af KMR.

Það er mjög mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaðir um grein 3.1 eins og hún er orðuð í kjarasamningi, einkum 3.1.4 og áhrif vinnutímatilskipunnar ESB á flutningi 35 mínútna kaffitíma út fyrir vinnudaginn. Þar sem vinnuveitendur eru skyldugir til að veita starfsmönnum hlé frá störfum er skynsamlegt fyrir félagsmenn að ráðstafa kaffitímum sínum þannig að þeir séu fluttir út fyrir vinnudaginn og nýttir utan vinnu þann daginn eða uppsafnað. Með flutningi 35 mínútna kaffitíma út fyrir vinnudaginn til viðbótar við 13 mínútna styttingu í síðasta lagi 1. janúar, má stytta vinnudaginn um, sem nemur 48 mínútum, vinnuvikuna um 4 klukkustundir eða fella að öllu leyti niður 10 hvern starfsdag.


### 3.1

#### Stytting á hverjum degi



### 3.2

#### Stytting einu sinni í viku



### 3.4

#### Stytting einn dag, aðra hvora viku

